

Norðurál Grundartanga ehf
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 9. júní 2022
UST202202-292/M.H.G.
08.07.02

Reglubundið eftirlit í Norðurál Grundartanga

Þann 24. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í álver Norðuráls á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gr. 1.10 í starfsleyfi: Umhverfismörk utan þynningarsvæðis á Grundartanga fyrir flúoríð eru sett 0,30 $\mu\text{g}/\text{m}^3$, reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Árið 2021 var meðaltalið 0,76 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og var því yfir starfleyfismörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. júní 2022.

Virðingarfyllst,

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur